

Fimmtudaginn 9. desember 1993.

Nr. 494/1993. **Lögreglustjórnin í Reykjavík**

gegn

**Ólafi Gunnarssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramanir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. desember 1993, sem barst skrifstofu réttarins 3. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði verulega stytur.

Sóknaraðili krefst þess með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 fimmtudaginn 27. janúar 1993 (svo), en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 2. september sl., en rannsókn máls þessa hófst 25. júlí sl. Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, hefur hún beinst að innflutningi og dreifingu mikils magns fíkniefna, allt að 20 kg af hassi og 4,9 kg af amfetamíni. Hafa allmargir þeirra, sem yfirheyrðir hafa verið í málinu, borið, að ákærði hafi staðið að skipulagningu og fjármögnun umrædds innflutnings og dreifingu. Hefur hann mótmælt því, en viðurkennt aðild að innflutningi að einhverju leyti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. janúar 1993, þar sem varnaraðili var dæmdur í fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið í eitt ár, fyrir brot á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Sóknaraðili rökstyður kröfu sína um gæsluvarðhald varnaraðila til 27. janúar nk. með því, að á þeim tíma ætti að vera unnt að ljúka rannsókn, senda málið til ríkissaksóknara og gefa út ákæru. Eftir séu samprófanir og yfirheyrslur yfir manni, sem nýlega var framseldur frá Svíþjóð. Þá séu brot þau, sem varnaraðili er grun-

aður um, svo stórfelld, að skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds sé fullnægt.

Af hálfu varnaraðila er því mótmælt, að rannsóknarhagsmunir krefjist þess, að sér verði gert að sæta gæsluvarðhaldi lengur. Verði ekki séð, að varhugavert sé vegna rannsóknar málsins, að hann verði látinn laus.

Ljóst er, að rannsókn máls þessa er langt á veg komin. Enda þótt telja megi, að rannsóknarhagsmunir einir sér réttlæti vart áframhaldandi gæsluvarðhaldsvist varnaraðila, verður ekki fram hjá því horft, að hann er undir rökstuddum grun um aðild að stórfelldum innflutningi og dreifingu fíkniefna, svo að varðað geti við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir því rétt með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að varnaraðili sæti áfram gæsluvarðhaldi. Verður aðalkrafa sóknaraðila um gæsluvarðhald til 27. janúar 1994 því tekin til greina.

#### D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Ólafur Gunnarsson, skal áfram sæta gæsluvarðhaldi, allt til kl. 16.00 fimmtudaginn 27. janúar 1994.

#### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Ólafur Gunnarsson, kt. 200455-3049, með lögheimili að Suðurhólum 24 í Reykjavík, en dvalarstað að Flétturima 11 í Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 fimmtudaginn 27. janúar vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni svo og gegn 173. gr. a alm. hgl. nr. 19/1940.

— — —  
Af framansögðu þykir rökstuddur grunur vera um, að kærði hafi skipulagt og fjármagnað innflutning á miklu magni af fíkniefnum. Brot þetta getur varðað kærða fangelsisrefsingu lögum samkvæmt. Rannsókn máls þessa er ólokið, og enn er eftir að yfirheyra aðila, sem grunaður er um aðild að máli þessu, en lögregla hefur farið fram á framsal hans frá Svíþjóð, en hann mun vera sænskur ríkisborgari.

Þar sem hætta þykir á, að kærði muni torvela rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða samseka, þykir verða að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um áframhald gæsluvarðhalds á hendur kærða til greina með vísan til a-liðar 1. mgr. 103.

gr. l. nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir ekki eiga við í máli þessu. Þó þykir nægilegt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til mánudagsins 27. desember kl. 16.00.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Ólafur Gunnarsson, sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til kl. 16.00 mánudaginn 27. desember 1993.

---